



Lífsleikni 3.bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemandi: Reynsluheimur Búi við aðstæður til að læra félags- og tilfinningalega hæfni sem nauðsynleg er til að lifa heilbrigðu og góðu lífi. Styrkja tengsl sín við fjölskyldu sína, jafnaldra, skólann og samfélagið. Geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð sem hafa áhrif á líf þeirra.</p> <p>Hugarheimur Virði samskiptareglur, bæði skráðar og óskráðar og geti nefnt dæmi um slíkar reglur. Auki hæfni sína til að skilja veruleikann. Átti sig hinum ýmsum tilfinningum svo sem gleði, sorg og reiði. Æfist í töluðu máli og framsögn,</p>	<p>Unnið er með námsefnið <i>Að vaxa úr grasi</i> sem skiptist í fimm einingar og hverri þeirra fylgir vinnuhefti sem nefnist <i>Allir saman</i>. Hluta þess vinna nemendur í skólanum en hinn hlutann heima með aðstoð fjölskyldunnar. <i>Allir saman</i> hefur þann tilgang að upplýsa fjölskyldumeðlimi um þau hugtök og þá hæfni sem nemendur fást við hverju sinni í námsefninu. Í heftinu er líka bent á leiðir til þess að æfa og styrkja þá hæfni sem nemendur hafa glímt við í skólanum. Ýmsar leiðir eru einnig farnar í skólstarfinu almennt til að ná fram þessum markmiðum. Má þar nefna samveru á föstudögum, eineltisdagur, jólaföndur,</p>	<p>Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum Umræður, hlustun og frásagnir, leikræn tjáning og myndsköpun. Bekkjarsáttmálavinna</p>	<p>Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum. Oft er um huglægt mat að ræða og erfitt að meta eftir hefðbundnum leiðum. Þátttaka nemenda og vinnubrögð þeirra metin, sem og sjálfsmat.</p>



<p>hlustun og áhorfi, einnig ritun og lestri að einhverju marki.</p> <p>Stuðli að jákvæðum og heilbrigðum lífsstíl.</p> <p>Geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.</p> <p>Sýni ábyrgð í samskiptum við aðra, sýni tillitssemi, umhyggju og virðingu.</p> <p>Átti sig á afleiðingum athafna sinna.</p> <p>Félagsheimur</p> <p>Taki þátt í samstarfi og samræðum í jafningjahópi um hin ýmsu málefni.</p> <p>Auki hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra.</p> <p>Virkji sig, fjölskyldur sínar, skólann og samfélagið til að skapa námsumhverfi sem byggist á umhyggju fyrir öðrum, væntingum og virkri þátttöku.</p> <p>Fagni fjölbreytileika og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.</p> <p>Auki hæfni sína til að átta sig á sjálfum sér og öðrum, læri að setja sig í spor annarra.</p>	<p>jólaskemmtun, íþróttadagur og vettvangsferðir.</p> <p>Benda nemendum á leiðir til að tjá sig og koma skoðunum á framfæri</p> <p>Grípa tækifæri sem koma upp til að fjalla um mikilvæg málefni</p>		
---	--	--	--